

### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að innri endurskoðun geri úttekt á sérkennslumálum**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn fari þess á leit við innri endurskoðun að hún geri úttekt á sérkennslu leik- og grunnskóla í Reykjavík.

Stór hópur reykvískra barna eru í sérkennslu, sum í fáeina tíma á viku en önnur eru í sérkennslu alla grunnskólagönguna. Óljóst er hvort nokkuð sem tengist sérkennslu í reykvískum skólum sé samræmt; greiningar á námsgetu, sérkennslan sjálf eða mat á árangri.

Fjöldmörg rök hníga að gerð heildstæðrar úttektar á sérkennslu í skólum Reykjavíkur. Fullnægjandi upplýsingar um sérkennslumál skortir. Íslensk börn standa verr að vígi í lestri og lesskilningi samanborið við nágrannalönd. Samkvæmt PISA 2018 lesa um 34% drengja 14/15 ára sér ekki til gagns og 19% stúlkna. Samkvæmt Lesskimun 2019 lesa aðeins 61% barna í Reykjavík sér til gagns eftir 2. bekk. Mikilvægt er að fá úr því skorið hvort sérkennslan skili tilætluðum árangri. Í úttektinni felst að skoða hvort:

1. Nemendur í sérkennslu séu að fá einstaklingsmiðaða sérkennslu byggða á faglegu mati sérfræðinga skólaþjónustu og í samræmi við skilgreindar þarfir þeirra
2. Greiningar sem liggja til grundvallar sérkennslu séu unnar af fagaðilum skólaþjónustu og séu samræmdar milli skóla
3. Til staðar sé samræmt eftirlit með sérkennslunni og eftirfylgni
4. Að fjármagninu sé varið í þeim tilgangi sem því er ætlað.

#### **Greinargerð:**

Um 5 ma.kr. er veitt árlega í sérkennslu en engar samræmdar, heildstæðar árangursmælingar eru gerðar. Því er ekki þekkt hvort sérkennslan er að nýtast nemendum eins og lagt er upp með hana. Ástæðan fyrir beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins um að innri endurskoðun taki út þennan málaflokk er að óljóst er hvort og þá hvernig sérkennsla nýtist börnunum.

Frekari rök fyrir tillögunni:

- a) Engin heildstæð stefna er til í sérkennslumálum.
- b) Árangur sérkennslu er ekki mældur á einstaklingsgrunni eða milli skóla.
- c) Fjármagn sérkennslu til skóla er ekki byggt á mælingum (fjölda, þörf o.s.frv.).
- d) Sérkennslan er ekki skilgreind að fullu þannig að skýr greinarmunur sé á stuðningskennslu annars vegar og hins vegar sérkennslu sem kemur alfarið í staðinn fyrir bekkjarnámsefni jafningja (hversu margir nemendur eru í hvorum hópi, hvað er á bak við hvern hóp t.d. greiningar, skimanir o.s.frv.).

Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið með fjölmargar fyrirspurnir um þennan málaflokk sem skóla- og frístundaráð/svið hafa reynt að svara. Eftirfarandi hefur m.a. komið fram í svörum skóla- og frístundasviðs við fyrirspurnum Flokks fólksins um greiningar og sérkennsluþörf:

1. Að engin rannsókn eða heildarúttekt hafi verið gerð á framkvæmd sérkennslu í skólum borgarinnar og því sé ekki hægt að vita hvort sérkennslan sé að nýtast börnunum.
2. Kostnaður vegna sérkennslu beggja skólastiga er um 5 ma.kr. á ári.
3. Um 30% nemenda grunnskólans eru að jafnaði í sérkennslu.
4. Ekki er sótt um sérkennslu fyrir börn nema sterkar líkur séu á að þau þarfnist sértækrar aðstoðar, oftast að undangengnum skimunum og mati með viðeigandi matstækjum.
5. Skimun, samræmd próf og námsmat er lagt til grundvallar við skipulag almennrar sérkennslu í skólum.

6. Í þeim skólum sem hafa menntaða sérkennara eru námslegar greiningar á einstökum nemendum gerðar.

7. Ekki er vitað hvernig málum er háttað í skólum sem hafa ekki menntaða sérkennara.

Af þessu að dæma liggur fyrir að margt er í lausu lofti þegar kemur að sérkennslumálum í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Skortur á heildrænni stefnu, yfirsýn og skýrum mælanlegum markmiðum koma fyrst og fremst niður á börnunum sem þarfnast þessarar þjónustu.

Hagstofa Íslands mælir að einhverju leyti árangur af sérkennslu og byggir á gögnum sem kallað er eftir frá skólum. Ekki er vitað hversu nákvæmlega upplýsingarnar eru greindar eða hversu nákvæmar þær eru. Gera má þó ráð fyrir að upplýsingar séu til um fjölda barna sem eru í sérkennsluveri og/eða inni í bekkjum. Stór munur getur verið á því hvort nemandi er að koma í sérkennslu:

- a) Einu sinni í viku í eina klukkustund
- b) Einu sinni í viku í t.d. fjórar klukkustundir
- c) Eru í sérkennslu 10 tíma á viku kannski allt skólaárið og jafnvel með aðstoð inn í bekk að auki
- d) Nemendur sem eru í sérkennslu 2-4 kennslustundir í viku í afmarkaðan tíma, kannski í tvo mánuði eða skemur.

Sé ekki gerður greinarmunur á þessu má ætla að hlutfall grunnskólanema sem eru skráðir í „sérkennslu“ sé hærra en raun ber vitni.

Hópur þeirra barna sem þarfnast aðstoðar með nám eða sérkennslu er fjölbreyttur. Sumum nemendum nægir að vinna í smærri hóp með leiðsögn þar sem þau fylgja engu að síður bekkjarnámsefninu. Aðrir nemendur hafa verið greindir með sértæka námserfiðleika eða annan námslegan vanda sem kallar á sérefni og einstaklingsmiðaða námsáætlun.

Ekki liggur fyrir nein kortlagning á aðstæðum tengdum sérkennslu í reykvískum leik- og grunnskólum.

Margir nemendur sem eru í sérkennslu eru þess utan með stuðningsfulltrúa inn í bekk. Það getur verið erfitt fyrir sérkennara að vera með nemendahóp á breiðu getustigi. Við slíkar aðstæður má einnig velta vöngum yfir hvort börnin séu að fá námslegum þörfum sínum fullnægt á sínum forsendum. Stundum er staðan þannig í skólum að erfitt er að skipta upp hópum vegna plássleysis.

Allt ofangreint hlýtur að koma til skoðunar þegar rætt er um árangur sérkennslu. Til að mæla árangur þurfa að liggja fyrir samræmdar grunnmælingar á námslegri getu og hver sé hinn námslegi vandi sem rökstyður þörf á sérkennslu. Til að kortleggja hvar námserfiðleikarnir liggja nægir ekki að gera eingöngu skimanir. Leggja þarf fyrir viðurkennd sálfræðileg próf sem mæla vitsmunabroska barns og viðurkennda kvarða og prófanir sem greina lesvanda/les- og talnablindu. Einnig þarf að leggja fyrir kvarða og prófanir sem meta þætti eins og ADHD og aðrar raskanir sem hafa áhrif á einbeitingu og nám. Upplýsingar af þessu tagi þurfa að liggja fyrir áður en sérkennsla hefst enda byggir sérkennslan (efni og aðferðir) á upplýsingum um námsstöðu barnsins og þörfum þess til að geta stundað nám á eigin forsendum. Sérkennsla sem ekki byggir á sterkum upplýsingagrunni um námsstöðu barns skilar varla miklum árangri.

Að ákveðnum tíma liðnum í sérkennslu þarf að endurtaka mælingar til að skoða hvort sérkennslan sé að skila þeim árangri sem lagt var upp með. Endurmat á sérkennsluþörf og á innihaldi sérkennslunnar er síðan byggt á niðurstöðum sem reglubundnar mælingar sýna.

Til að hægt sé að gera samanburð milli skóla þarf sérkennsla og allt sem henni tengist að vera samræmt milli skóla. Hér er annars vegar verið að ræða um einstaklingsmælingar en ekki síður er mikilvægt að bera saman skóla í þessu sambandi. Til að það sé hægt þarf sérkennsluferlið allt að vera samræmt.

Eins og staðan er nú þá er hver skóli með sínar aðferðir hvað varðar sérkennslu. Á meðan hver skóli hefur sinn háttinn á má gera því skóna að börnin sitja ekki við sama borð heldur fer þjónustan og jafnvel aðferðarfræðin eftir því í hvaða hverfi þau búa og í hvaða skóla þau ganga.

### **Fjöltýngd börn/börn með erlendan bakgrunn**

Í upplýsingum frá skóla- og frístundasviði kom fram að í kringum 17% barna í grunnskólum í Reykjavík eru fjöltýngd/með erlendan bakgrunn, þá er miðað við að annað eða báðir foreldrar séu af erlendum uppruna. Stór hluti þessara barna fær stuðning í íslensku sem öðru máli. Það tengist ekki sérkennslu.

Stuðningur til barna með sérþarfir er bæði sérstakur stuðningur á grunni greininga vegna fötlunar og alvarlegra raskana og svo er almennur stuðningur. Um það bil 5% barna fá sértæka stuðninginn en ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um hversu hátt hlutfall þeirra er af erlendum uppruna.

Hvað leikskóla Reykjavíkur varðar eru um 26% barna fjöltýngd/með erlendan bakgrunn, þá er miðað við að annað eða báðir foreldrar séu af erlendum uppruna. Fjöldinn allur af börnum fær kennslu í íslensku í leikskólum borgarinnar og er það ekki flokkað sem sérkennsla.

Við fyrirspurn Flokks fólksins um hlutfall tvítýngdra barna/barna af erlendum uppruna í sérkennslu var sagt að þær upplýsingar lægju ekki fyrir.